



Innkauparáð Reykjavíkurborgar

**Útboð 15679. Sjálfvirkir lyfjaskammtarar fyrir velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar.**

Tilboð í ofangreint verkefni voru opnuð á innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar mánudaginn 5. desember 2022 kl 10:15. Við mat á tilboðum gildi verð 50% og gæði, sem metin voru í notendaprófunum, 50%. Í notendaprófunum gátu bjóðendur fengið hæst 100 stig, Icepharma hlaut 98 stig. Lagt er til að gengið verði að tilboði frá Icepharma hf. að upphæð 116.649.600,- sem er lægsta gilda tilboðið. Aðrir bjóðendur uppfylltu ekki lágmarkskröfur.

Icepharma hf. hefur staðist fjárhagsskoðun innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar og uppfyllir lágmarkskröfur.

Lagt var til við innkaupa- og framkvæmdaráð á fundi 5. janúar 2023 að gengið yrði að tilboði Icepharma hf. Afgreiðslu var þó frestað og í kjölfarið fóru fram endurteknar prófanir á lágmarkskröfum. Bjóðendum var boðið að vera viðstaddir þær prófanir auk þess sem gerð var rauntímaskráning á niðurstöðum og prófanirnar teknar upp á myndband. Niðurstöður síðari prófana voru í samræmi við fyrri prófanir og leiddu til óbreyttrar niðurstöðu.

---

Svanhildur Jónsdóttir, teymisstjóri velferðartæknismiðju  
Kristín Sigurðardóttir, verkefnastjóri velferðartæknismiðju  
Velferðarsvið  
Rafræn miðstöð

Árið 2022, þann 5. desember kl. 10:15 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í EES útbóði Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar nr. 15679 „Sjálfvirkir lyfjaskammtarar fyrir velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar“.

Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Unnur Óskarsdóttir.

Á tilboðsfresti var sendur út einn viðauki.

Eftirfarandi tilboð bárust:		Samtals tilboðsverð án vsk	
1 Öryggismiðstöð Íslands hf.	Kr.	79.965.000	76,33%
2 RL hf. Rafland	Kr.	68.930.400	65,80%
3 Icepharma	Kr.	116.649.600	111,35%
Kostnaðaráætlun	Kr.	104.760.000	100,00%

Fleiri tilboð bárust ekki

Opnun tilboða lokið kl. 10:27